

REGLUGERÐ

um gjaldtöku vegna tjaldsvæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði.

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2., 3. og 4. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Þjónustugjald, sbr. 4. gr. og gistináttaskattur eru innifalin í gjaldinu:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Almenn gjald | kr. 1.700 |
| 2. 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 800 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Almenn gjald | kr. 6.500 |
| 2. 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 3.250 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Almenn gjald | kr. 5.000 |
| 2. 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 2.500 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjáls.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

- | | |
|--|------------|
| 1. Sturtugjald, eitt skipti | kr. 500 |
| 2. Rafmagn fyrir húsbíl, hjólhýsi og fellihýsi, pr. sólarhring | kr. 1.000 |
| 3. Afnot af þvottavél, eitt skipti | kr. 500 |
| 4. Afnot af þurrkara, eitt skipti | kr. 500 |
| 5. Gjald vegna almenns aðgangs að aðstöðu í skála, einn dagur (án gistingar) | kr. 500 |
| 6. Sértek þjónusta við ferðamenn sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins, gjald fyrir hverja klst. | kr. 16.000 |
| 7. Útgáfa starfsleyfa | kr. 25.000 |
| 8. Kortabæklingur, stk. | kr. 500 |
| 9. Aðrir bæklingar, stk. | kr. 400 |
| 10. Aðgangsgjald í íshella, pr. mann | kr. 1.000 |
| 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. 500 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum er gjaldfrjáls.

4. gr.

Þjónustugjald í Skaftafelli (sólarhringsgjald frá kl. 00.00 – 24.00):

- | | |
|--|-----------|
| 1. Flokkur A – Fólksbifreið, 5 manna eða færri | kr. 600 |
| 2. Flokkur B – Fólksbifreið 6-9 manna | kr. 900 |
| 3. Flokkur C – Rúta, 10-18 manna | kr. 1.800 |
| 4. Rútur D, E og F | kr. 3.600 |
| 5. Bifhjól | kr. 300 |

Þjónustugjald er innifalið í tjaldstæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldtöku vegna tjaldsvæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, nr. 650/2017.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. ágúst 2017.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Björgvin Valdimarsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. ágúst 2017